

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/1967*  
*komudagur 18.3.2013*

Atvinnuveganefnd Alþingis,  
Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 18. mars 2013.

**Umsögn Landssambands veiðifélaga og Landsamtaka landeigenda á Íslandi, vatnalög og rannsóknir á auðlindum í jörðu (samræming reglna um vatnsréttindi), 634. mál.**

Undirrituð landssamtök gera alvarlegar athugasemdir við frumvarp á þingskjali 1110 ásamt greinargerð sem því fylgir og lagt var fram nú á síðustu dögum Alþingis til breytinga á lögum um rannsóknir á auðlindum í jörðu og gildandi vatnalögum með síðari breytingum frá árin 1923.

Í frumvarpinu er ráðgert að afnema með lagasetningu fullkominn og beinan eignarrétt landeigenda að auðlindinni grunnvatni sem nú er tryggður með óyggjandi hætti í gildandi lögum.

Vísað er til 1. gr. 1. nr. 57/1998 en þar segir:

*Lög þessi taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. [Lögin taka einnig til rannsókna á vatnsafla til raforkuframleiðslu.]*

*Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.*

Ennfremur er vísað til 3.gr. sömu laga um eignarrétt að auðlindum:

*3. gr. Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins,1 nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.*

Í lögskýringargögnum með frumvarpi til l. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðilda frá árinu 1998 eru tekin af öll tvímæli til stuðnings beinum eignarrétti landeigenda að grunnvatni sbr. 1. gr. laganna en í skýringum í greinargerð með lögnum segir um 1. Grein þeirra:

*„Grunnvatn er auðlind í skilningi laganna en ekki yfirborðsvatn. Vatnalög, nr. 15/1923, taka til yfirborðsvatns og halda þau gildi sínu.“*

Frumvarpið er sagt til samræmingar reglna um vatnsréttindi. Það útaf fyrir sig vekur furðu, þar sem afleiðing fyrirhugaðrar lagasetningar er einhliða afnám fullkominnar eignar landeiganda að auðlindinni grunnvatn. Í gildandi vatnalögum frá árinu 1923 er kveðið á með skýrum hætti að lögin taka einungis til vatns á yfirborði jarðar. Þetta ákvæði laganna er svo tekið upp óbreytt með l. nr. 132/2011. Það er því alrangt sem haldið er fram í greinargerð með frumvarpinu, að við setningu þeirra laga hafi ekki verið gerður greinarmunur á yfirborðsvatni og grunnvatni vegna ástæðna um að nýting vatns við setningu vatnalagi 1923 hafi eingöngu verið bundin við yfirborðsvatn. Lögð er áhersla á að ákvæði 1. gr. gildandi vatnalaga var í rauninni nýlega til skoðunar og er tekið þá upp óbreytt frá lögunum 1923 við breytingar á vatnalögunum árið 2011. Allar sömu upplýsingar um nýtingu vatns sem tiltækar eru í dag lágu því fyrir við gildistöku l. 132/ 2011 og samkomulag tókst um. Af því leiðir að Alþingi tók meðvitaða ákvörðun árið 2011 þegar lögfest var að ákvæði gildandi vatnalaga tóku áfram einvörðungu til yfirborðsvatns, líkt og lögin höfðu áður gert um hartnær 90 ára skeið. Ástæða þessa er að sjálfsgöðu að gildandi lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda frá árinu 1998 hafa að geyma skýr ákvæði um beinan eignarrétt landeiganda að auðlindinni grunnvatni sbr. 1 gr. þeirra laga, ásamt lögskýringargögnum sem vitnað er til hér að framan.

Landssamband Veidifélag og Landsamtök landeigenda lýsa undrun sinni á að framkvæmdavaldið skuli ganga fram með þeim hætti að leggja fram frumvarp sem afnemur lögvarinn beinan eignarrétt landeigenda að grunnvatni. Enginn vafi er að frumvarp þetta fer í bága við 72. gr. gildandi stjórnarskrár um vernd eignarréttar og gangrýnd er sú villandi umfjöllun sem fram kemur um eðli málsins í greinargerð með frumvarpinu.

Landssamtökin fordæma þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð við setningu laga á hinu háa Alþingi og þá lítilsvirðingu sem stjórnarskrávörðum réttindum þegna þessa lands er sýnd. Umræðan um nýja stjórnarskrá skýtur skökku við ef stjórnvöld á hverjum tíma telja það ómaksins vert að virða ákvæði í gildandi stjórnarskrá, sem augljóslega leyfir ekki þá athöfn sem nú er uppi með frumvarpi þessu. Það er alvarlegt mál þegar leitast er við að leiða þingið lengra í setningu laga en stjórnarskrá leyfir. Málið er lagt fram á síðustu dögum þingins þegar hátt í hundrað mál liggja óafgreidd fyrir hjá alþingismönnum. Augljóst er að við slíkar aðstæður hafa þingmenn vart tök á að kynna sér einstök mál eða réttaráhrif þeirra til hlítar. Í þessu sambandi vísast til framsöguræðu ráðherra þegar hann mælti fyrir málinu á Alþingi en í ræðu hans kom fram að hér væri einungis um einfalda samræmingu að ræða og því málið einfalt og fljótafgreitt sbr. einnig svör ráðherrans í umræðunni.

Undirritaðir benda á, að ef brýna nauðsyn ber til að samræma ákvæði vatnalaga og laganna um nýtingu og rannsóknir auðlinda í jörðu hvað varðar eignarrétt og umráð yfir vatni, er næsta auðvelt að breyta eignarréttarákvæðum vatnalaga til samræmis við eignarréttarákvæði laganna um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu á vatni. Slík breyting er nærtæk ef nauðsyn er talin á samræmdum ákvæðum laganna og leiðir þá

ekki til þess að eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins verði þverbrotin, líkt og að stefnir ef frumvarp þetta verður að lögum.

Með vísan til þess sem að framan greinir telja Landssamband veiðifélaga og Landsamtök landeigenda fyrirbyggjandi frumvarp ekki tækt til meðferðar á Alþingi Íslendinga í óbreyttri mynd. Stjórnarskrá landsins heimilar ekki slíkt.

Undirritaðir óska eindregið að mæta á fund atvinnuveganefndar Alþingis svo gera megi frekari grein fyrir þeim sjónarmiðum sem að ofan greinir, taki nefndin málið til frekari meðferðar.

F.h. Landssambands veiðifélaga

Óðinn Sigþórsson Einarsnesi, formaður LV

F.h. Landsamtaka landeigenda á Íslandi

Örn Bergsson Hofi, formaður LLÍ